



Fundargerð 21. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Zoom 19. september 2023 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Jóhannsson (HJ), Jón Þór Jónsson (JPJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS).

Mættir varamenn: Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR)

Fundinn sat einnig Björgvin Jónsson (BJ) starfsmaður AKÍS

Fjarverandi: Ari Halldór Hjaltason (AHH) aðalmaður, Kolbrún Vignisdóttir (KV) varamaður.

AS ritaði fundargerð.

1. Yfirlit fjármála sambandsins

Tæknileg vandamál undanfarið hafa valdið því að bókhaldskerfi sambandsins nær ekki sambandi við bankareikninga, sem er nauðsynlegt til að geta fengið nauðsynleg gögn. Unnið er að úrlausn og vonast er til að umbeðin gögn verði fyrirliggjandi fyrir vikulokin.

2. Reglur um upptökur og útsendingar – framtíð

SIS fór munnlega yfir stöðu mála varðandi vinnu með Ingimundi Helgasyni (IH), líkt og þeim var falið á 16. fundi stjórnar 18. júlí s.l. Þeir eru komnir nokkuð áleiðis varðandi útfærslu og mögulegar breytingar á reglum, en vantar heldur lengri tíma til að koma fram með mótaðar tillögur.

Ákveðið að bíða eftir skriflegum tillögum frá SIS og IH, þó ekki lengur en að fyrsta fundi stjórnar í október.

3. Reikningur vegna RIG 2023

TMP leggur til að AKÍS greiði umræddan reikning, að upphæð 146.985 kr., þar sem óskýrt var í erindi sambandsins til aðildarfélaga með greiðsu þessa þátttökugjalds. Tillagan samþykkt.

4. RIG 2024

Erindi hefur borist frá ÍBR þar sem sambandinu er boðið að vera með keppnisgreinar á RIG 2024. TMP leggur til að bréf verði sent á aðildarfélögin þar sem þeim er boðið að vera með keppnir undir merkjum leikanna en þau þurfi að greiða þátttökugjöldin, AKÍS muni ekki gera það. Tillagan var samþykkt.

5. Valnefnd vegna akstursíþróttafólks ársins

BJ hefur fengið fimm aðila til að sitja í valnefndinni og samþykkti stjórn þá aðila.



6. Formannafundur

TMP leggur til að breyta ákvörðun síðasta fundar stjórnar varðandi dagsetningu formannafundar, þar sem ekki er hægt að fá sal fyrir verðlaunaafhendingu Íslandsmeistaratitla 28. október. Leggur hann til að fundurinn verði 4. nóvember og hefjist kl. 10. Tillagan var samþykkt.

7. Verðlaunaafhending Íslandsmeistaratitla

HRR fór munnlega yfir stöðu málsins en búið er að taka frá sal og panta verðlaun. Ekki er komin fram kostnaðaráætlun eða dagskrá, en þær þurfa að liggja fyrir áður en endanleg ákvörðun verður tekin, í síðasta lagi 3. október.

8. Ársþing FIA 2023

Ársþing FIA verður haldið fyrstu vikuna í desember 2023 í Baku í Aserbaídsjan. FIA greiðir fyrir einn aðila kostnað við ferðir og hótél. TMP leggur til að hann fari á þingið sem fulltrúi AKÍS. Tillagan var samþykkt.

9. Samráðsvettvangur um rafíþróttir

Erindi hefur borist frá ÍSÍ þar sem óskað er eftir tilnefningum í samráðsvettvang um rafíþróttir. Ákveðið að bjóða Kvartmíluklúbbnum að skipa fulltrúa þar sem það er eina félagið innan sambandsins sem hefur haldið keppni í rafíþróttum.

10. Mannvirkjanefnd ÍSÍ

Erindi hefur borist frá ÍSÍ þar sem óskað er eftir tilnefningum í mannvirkjanefnd. Ákveðið að tilnefna Jón Þór Jónsson.

11. FIA Anti-Doping Disciplinary Committee

Erindi hefur borist frá FIA þar sem óskað er eftir tilnefningum í lyfjanefnd. TMP leggur til að athugað verði með áhuga lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ hvað þetta varðar og var tillagan samþykkt.

12. Keppnisdagatal 2024

Búið er að senda aðildarfélögum tengil á miðlægt skjal til að færa inn óskir varðandi dagsetningar fyrir næsta ár.

13. FIA Motorsport Games

FIA hefur auglýst Motorsport Games 2024 með upplýsingum um keppnisgreinar, þátttökugjald o.fl., sjá tengil [hér](#).

14. Skíðasamband Íslands - beiðni um not af skrifstofu AKÍS/MSÍ

Ekki er talið mögulegt að verða við beiðni um afnot af skrifstofu sambandsins.



15. Önnur mál

Boðun á stjórnarfundum - HH gerir athugasemd við hvernig boðað var til síðasta stjórnarfundar, en boðið barst seint og í því var Zoom hlekkurinn óvirkur. TMP baðst velvirðingar á þeim mistökum sem áttu sér stað við boðun fundarins.

Ákveðið að framvegis muni dagskrá stjórnarfundar liggja fyrir seinnipart föstudags fyrir viðkomandi fund.

Torfæra 16. september - TKS hélt bikarmót í torfæru 16. september s.l., á sömu dagsetningu og Íslandsmeistarakeppni í sandspyrnu var áætluð samkvæmt keppnisdagatali. Ljóst er að verklag innan AKÍS varðandi umsóknir fyrir keppni og veitingu umsagna virkar ekki sem skyldi. Ákveðið að yfirfara verklag og Reglugerð um keppnishald til að taka á málinu.

Næsti fundur 3. október kl. 19.30

Fundi slitið kl. 21.47